

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, nr. 36/2009.

1. gr.

*Breyting vegna breytinga á forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna
milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.*

Hvar sem orðið „samgönguráðherra“, í hvers konar beygingarfalli, kemur fyrir í reglugerðinni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: ráðherra.

Hvar sem orðið „samgönguráðuneytið“, í hvers konar beygingarfalli, kemur fyrir í reglugerðinni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: ráðuneytið.

2. gr.

3. gr. orðast svo með fyrirsögn:

Skipan úrskurðarnefndar.

Í úrskurðarnefnd sitja þrjú menn sem skipaðir eru af ráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Varaformaður leysir formann af ef hann forfallast. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 7. mgr. 13. gr. laga um Póst- og fjarskipta- stofnun nr. 69/2003, sbr. 2. gr. laga nr. 117/2008, öðlast þegar gildi.

Innanrikisráðuneytinu, 2. júní 2014.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir.